

148. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
6. 3. 2024 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Steinunn Hödd Harðardóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Ingunn Jónsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir, Lind Völundardóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Þórgunnur Torfadóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir

Fjarverandi: Gunnar Þór Jóhannesson, Kristján Sigurður Guðnason og Sindri Örn Elvarsson.

Ársreikningur

Drög að ársreikningi lágu fyrir fundinum. Hugrún Harpa fór yfir helstu liði ársreiknings. Umræður sköpuðust um einstaka liði ársreikning og orðalag. Forstöðumanni falið að bera spurningar stjórnar undir endurskoðanda. Ársreikningur verður aftur tekinn fyrir á aukafundi stjórnar í byrjun apríl.

Ungt fólk og efling byggða

Hugrún Harpa sagði frá því að þróunarverkefnið *Ungt fólk og efling byggða* hófst nú í mars. Setrið hafði frumkvæði að verkefninu sem er samstarfsverkefni NP og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Setrið leggur verkefninu til 25% stöðugildi og SVH leggur til fjármagn sem nemur sama starfshlutfalli verkefnastjóra. Kristín Vala mun vinna að verkefninu í 50% starfshlutfalli, samstarfssamningur um verkefnið er til eins árs en unnið verður að því að afla fjármagns til að tryggja framhald verkefnisins. Kristín Vala mun kynna verkefnið nánar á ársfundi setursins.

Styrkumsóknir vor 2024

Hugrún Harpa greindi frá þeim styrkumsóknum sem hafa verið sendar í samkeppnissjóði á fyrstu mánuðum ársins. Setrið er aðili að tveimur umsóknum til Erasmus+ og einni til Nordplus. Þá var setrið aðili að umsókn í Nýsköpunarsjóð námsmanna og Byggðarannsóknasjóð en þar er um að ræða samstarf við Þekkingarneti Þingeyinga. Einnig sendi setrið eigin umsókn í Byggðarannsóknasjóð og Æskulýðssjóð Rannís. Fyrir liggur svo að sækja um styrk í Lóuna fyrir verkefnið Ungt fólk og efling byggða.

Ráðning starfsmanns

Hugrún Harpa greindi frá því að búið er að ráða Nejrú Mesetovic til eins árs í kjölfar auglýsingar um lausa stöðu við setrið. Stjórn býður Nejrú velkomna til starfa.

Stefnumörkun NP

Hugrún Harpa ræddi um fyrirliggjandi vinnu við endurnýjun stefnumörkunar setursins. Núverandi stefnumörkun var til fimm ára og gildir út árið 2024. Hugrún sagði einnig frá stöðu mála varðandi endurnýjun samnings við HVIN en vegna breytinga á málefnasviðum ráðuneytis er viðbúið að áherslur og markmið samnings taki breytingum. Umræður sköpuðust um að á þessum tímavarki sé eðlilegt að rýna hlutverk setursins út frá þörfum samfélagsins og þeim breytingum sem hafa orðið á umhverfi setursins frá stofnun þess. Mikilvægt er að vinna að málinu í samráði við helstu hagaðila setursins. Ákveðið var að aðalstjórn fundi aukalega til að leggja upp vinnu að endurskoðun stefnumótunar setursins. Vinnan mun hefjast í vor en ákveðið var að fyrsti vinnufundur stjórnar verði haldinn snemma í september og haustið helgað þessari vinnu.

Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 10:00

Steinunn Hödd Harðardóttir
Hugrún Harpa Reynisdóttir